

194

2. gr.

28. nóv.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki.

Reglugerð frá 10. sept. 1942 um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki, er úr gildi numin.

Fjármálaráðuneytið, 28. nóvember 1942.

Jakob Möller.

Magnús Gíslason.

195

REGLUGERÐ

28. nóv.

um breyting á reglugerð nr. 140 31. des. 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 140 31. des. 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír, orðist svo:

Hámarksálagning á eldspýtur og vindlingapappír í smásölu, miðuð við verð einkasölnunnar á hverjum tíma, má eigi vera hærri en 25%.

Fyrir flutningskostnað til útsölastaðar utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar má eigi reikna hærri viðbótarálagningu en 10 af hundraði.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt lögum nr. 65 10. des. 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

Fjármálaráðuneytið, 28. nóvember 1942.

Jakob Möller.

Magnús Gíslason.

196

AUGLÝSING

2. des.

um breytingu á auglýsingu landlæknis 20. maí 1935, um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum.

Með tilvísun til tilskipunar nr. 85 7. september 1942, um breyting á tilskipun nr. 81 26. apríl 1935, um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum, auglýsist hér með eftirfarandi breyting á auglýsingu landlæknis 20. maí 1935, um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum (sbr. Lögbirtingablað 27. tbl. 1935):

Aftan við bókstafslíð A, f-töluliðs I bætist:

g. **Tablettæ sulfanilamidi** skal gera þannig:

1) Sulfanilamidum pulv.	gram. 30,00
Amyl. Solani	— 11,10
2) Gelatina alba	— 0,60
Aq. dest. (ca. grm. 10)	— q.s.
3) Agar-Agar plv.	— 0,30